

Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva

Gildissvið

Reglur þessar gilda um starfsemi félagsmiðstöðva og umsókn og innritun í sértækt félagsmiðstöðvastarf Akraneskaupstaðar. Einnig ná reglurnar til gjaldtöku og innheimtu fyrir þátttöku í félagsmiðstöðvum og sértæku félagsmiðstöðvastarfi bæjarins. Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérlaga eftir því sem við á. Börn er hér notað yfir börn og unglinga 10-16 ára.

Almennt um félagsmiðstöð og ungmennahús

Akraneskaupstaður starfrækir félagsmiðstöðina Arnardal fyrir börn 10-16 ára og ungmennahúsið Hvíta hús fyrir ungmenni 16-25 ára

Í Arnardal og Hvíta húsi er einnig rekin frístundaklúbburinn Dalurinn, sértækt félagsmiðstöðvastarf fyrir fötluð börn og ungmenni sem þurfa stuðning í sínum frítíma. Þar er opið eftir að skóladegi lýkur til kl. 16:15 alla virka daga og allan daginn í skólafríum. Sjá nánar um sértækt félagsmiðstöðvastarf

Félagsmiðstöðvar sinna reglulega vettvangsstarfi innan og utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglinga með það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglinga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi.

Félagsmiðstöðvar starfa samkvæmt *starfskrá Þorpsins – starfmannahandbók/ starfskrá*

Almennt félagsmiðstöðvastarf

Frístundamiðstöðin Þorpið sér um almennt félagsmiðstöðvastarf. Innan Þorpsins eru Arnardalur, félagsmiðstöð fyrir 10 - 16 ára og Hvíta húsið, ungmennahús fyrir 16 - 25 ára og Krakkadalur frístundaheimili fyrir börn í 3.og 4.bekk en um Krakkadal gilda reglur um frístundaheimili . Í Arnardal er unnið út frá hugmyndafræði sem byggir á barna- og ungmennalýðræði og tryggir áhrif barna og ungmenna í starfi. Áhersla er lögð á samvinnu, virðingu, reynslunám, félagsfærni, sjálfstyrkingu, samfélagslega virkni og þátttöku. Síðast en ekki síst er verið að vinna að forvörnum og skýr afstaða tekin gegn neyslu vímuefna og annarri neikvæðri hegðun. Félagsmiðstöðvar eru vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og í framkvæmd, vinna að áhugamálum sínum og fást við skemmtileg verkefni í öruggu umhverfi

Ekki þarf að skrá sig í almennt félagsmiðstöðvastarf nema í undantekningartilvikum, s.s. ef um er að ræða klúbba- eða hópastarf, ferðir, námskeið/smiðjur eða afmörkuð viðfangsefni. Í flestum tilvikum skrá börnin sig sjálf til þátttöku og þá hjá starfsfólki eða rafrænt gegnum vefmiðla félagsmiðstöðvarinnar.

Starfstími

Félagsmiðstöðin Arnardalur og ungmennahúsið Hvíta húsið starfa öllu jafna frá september - júní. Starfstími og opnunartími getur breyst eftir árstíma.

Á starfstíma félagsmiðstöðvarinnar er opið þrjú kvöld í viku fyrir 13-16 ára, að jafnaði 7,5 klst pr.viku og tvo daga í viku fyrir 10-12 ára, 4 klst pr.viku.

Lokað er í félagsmiðstöðinni í jóla- og páskafríum.

Sértækt félagsmiðstöðvarstarf – Frístundaklúbburinn Dalurinn

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skulu sveitarfélög bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur. Þessi þjónusta tekur við af almennt frístundaþjónustu grunnskóla sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2018.

Frístundaklúbburinn Dalurinn er fyrir börn og ungmenni 10-20 ára sem þurfa stuðning í sínum frítíma, þar sem önnur frístundaúrræði hæfa ekki þeirra hag eða þörfum. Í frístundaklúbbnum gefst börnum tækifæri til að njóta félagslegra samskipta, í leik og starfi eftir að skóladegi lýkur. Markmið stafsemi Dalsins er að veita börnum sem þar dvelja öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagt frístundastarf við hæfi hvers og eins. Leiðarljós starfseminnar eru fagleg vinnubrögð, foreldrasamstarf og virðing fyrir einstaklingnum, aðstandendum þeirra og öðru starfsfólki.

Umsóknarferli

Foreldrar þurfa að skrá börn í frístundaklúbbinn Dalinn fyrir hvert skólaár

Foreldrar eru hvattir til þess að sækja um vetrarstarf Dalsins fyrir 15. júní ár hvert.

Þegar sótt hefur verið um í starf berst staðfesting um að umsókn hafi verið móttækin.

Skráning í sumarstarf Dalsins hefst í mars/apríl. Skráning í sumarstarf þarf að vera lokið 1. maí ár hvert

Þjónustutími

Frístundaklúbburinn Dalurinn opnar þegar reglubundnum skóladegi lýkur og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki.

Að jafnaði hefst vetrarstarf í Dalnum daginn eftir skólasetningu að hausti. Síðasti opnunardagur vetrarstarfs miðast við daginn fyrir skólaslit.

Foreldrar fá tilkynningu með tölvupósti þegar þeir hafa fengið þjónustu fyrir barn sitt.

Frístundaklúbburinn Dalurinn er lokað í vetrarfríum grunn- og framhaldsskóla. Það á einnig við á skólaþingum og skólaslitadögum. Þrír starfsdagar/skipulagsdagar eru í Þorpinu á almanaksárinu. Á þeim dögum sem Dalurinn er lokaður er boðið upp á liðveislu í samræmi við þarfir hvers og eins.

Á sumrin er boðið upp á sumarstarf í Dalnum frá kl. 08:00-16:00. Leitast er við að samræma sumarstarfið við annað sumarstarf fyrir börn og ungmenni. Sérstök gjaldskrá gildir í sumarstarfinu um fæði og annan tilfallandi kostnað.

Frístundaklúbburinn Dalurinn er lokaður í tvær vikur yfir sumartímann. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustubörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

Skilyrði fyrir þátttöku

Öll börn á aldrinum 10-16 ára geta tekið þátt í félagsmiðstöðvastarfi og 16-25 ára í starfi ungmennahúss. Sérstakt félagsmiðstöðvastarf er fyrir þau börn sem falla undir reglugerð sem gildir um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, sbr. 16. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. sem og þau börn sem þurfa stuðning í sínum frítíma.

Stuðningur í félagsmiðstöðvastarfi

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika í almenntri eða sérstökum félagsmiðstöðvastarfi fá þá þjónustu að undangengnu mati á stuðningsþörf sem framkvæmd er af fagteymi í málefnum fatlaðra barna. Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Deildarstjóri situr í stuðningsteymi barns og gerir einstaklingsáætlun í samvinnu við málstjóra og teymi barns.

Ef óskað er eftir að barn sem er ekki með lögheimili á Akranesi taki þátt í starfsemi Dalsins þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir þá samning við Þorpið á þar til gerðu eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Uppsögn

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef þjónusta er sagt upp, eða óskað er eftir breytingum, skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðamót. Uppsögn skal vera með skriflegri tilkynningu til deildarstjóra stoðþjónustu

Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

Gjaldtaka

Almennt félagsmiðstöðvastarf. Ekki þarf að skrá sig í almennt félagsmiðstöðvastarf nema í undantekningartilvikum, s.s. ef um er að ræða klúbba- eða hópastarf, ferðir, námskeið/smiðjur eða afmörkuð viðfangsefni. Í flestum tilvikum skrá börnin sig sjálf til þátttöku og þá hjá starfsfólki eða rafrænt gegnum vefmiðla. Ekki er innheimt gjald í almennu starfi félagsmiðstöðvar og ungmennahúss og leitast skal við að halda þáttökugjöldum í starfi félagsmiðstöðva í lágmarki og dreifa kostnaðarsömum viðburðum sem jafnast yfir vetrarmánuðina.

Sértækt félagsmiðstöðvastarf

Þáttökugjald

Verð

1 klukkustund **kr. 157**

Síðdegishressing fyrir hvern dag **kr. 162**

Frístundastarf (9 ára og eldri) er ætlað fyrir einstaklinga með stuðningsþarfir á aldrinum 9 - 20 ára.

Nánar um gjaldskrá og afsláttarkjör er hægt að sjá á heimasíðu Akraneskaupstaðar

Gjaldskrár Akraneskaupstaðar eru samþykkt af bæjarstjórn og geta breyst án fyrirvara.

Húsnæði

Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Arnardals og ungmennahússins Hvíta húss ásamt frístundaheimilinu Krakkadal og fer fram í Þorpinu, Þjóðbraut 13.

Samstarf

Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli grunnskóla og félagsmiðstöðvar og reglulegir fundir og vel skilgreint samstarf vegna vinnu með nemendafélögum og unglingaráði. Skal framangreint vera til samræmis við lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eftir því sem við á.

Forstöðumaður félagsmiðstöðvar situr í Brúnni, forvarnarhópi og er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. grein í reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Deildarstjóri stoðþjónustu situr teymisfundi vegna 10-20 ára barna og ungmenna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi félagsmiðstöðvar og taka þátt í starfsemi Dalsins.

Félagsmiðstöð og skóli geta samið sérstaklega um viðveru starfsfólks félagsmiðstöðva á hefðbundnum skólatíma. Hvort um slíka viðveru er að ræða, hversu mikil hún er og með hvaða hætti fer eftir aðstæðum í hverju sinni.

Félagsmiðstöðvar, í samstarfi við viðkomandi frístundamiðstöð, leita eftir samstarfi við þá aðila sem sinna frístundum barna í hverfinu með það að markmiði að árekstrar í starfseminni séu sem minnstir og börn geti sinnt fjölbreyttum viðfangsefnum í frítímanum.

Í félagsmiðstöðvastarfi er leitað eftir góðu samstarfi við það frístundaheimili sem áður veitti barninu þjónustu svo tryggja megi samfellu í þjónustu við það og fjölskyldu þess.

Mannauður

Fjöldi starfsfólks tekur mið af fjölda þeirra barna sem eru í 5. – 10. bekk í þjónustuhverfi félagsmiðstöðvar, sbr. gildandi reiknilíkan skóla- og frístundasviðs. Forstöðumaður Þorpsins er einnig forstöðumaður félagsmiðstöðvar og er í fullu starfi. Auk þess starfa í í fullu starfi deildarstjóri frístundaheimilis Krakkadals og deildarstjóri stoðþjónustu/ Dalsins. Að auki starfsfólk í hlutastarfi samanber viðmið um fjölda starfsmanna í félagsmiðstöð. Aldrei skulu vera færri en tveir starfsmenn á opnun. Ávallt sé leitast við að tryggja öryggi barna og unglunga. Í ferðum á vegum félagsmiðstöðvar skal miða við að ekki séu fleiri en 15 unglingar með hverjum starfsmanni (sjá Verkferla í starfskrá Þorpsins

Í sértæku félagsmiðstöðvastarfi starfar deildarstjóri stoðþjónustu og tekur fjöldi annarra starfsmanna mið af stuðningsþörf hverju sinni (sjá nánar grein um stuðning) og getur starfsmannafjöldi þannig verið breytilegur.

Forstöðumaður skal hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tórstunda- og félagsmálafræða. Frístundaleiðbeinendur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi og hafa náð 20 ára aldri.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. september 2025.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann xx ágúst 2025, velferðar og mannréttindaráði xx ágúst 2025 og í bæjarráði þann 2025.